 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;"><b>VERKLAGSREGLUR</b></p> <p style="text-align: center;"><b>um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða</b></p>	<p>Bls.: 1 af 6</p> <p>Ábm. ÞK/SK/IH Samb. í háskólaráði 4. mars 2010 Málsnúmer: HÍ10020375</p>
--	--	---

## 1. Tilgangur og gildissvið.

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja að rétt sé staðið að undirbúningi og skipulagningu nýrra námsleiða til prófgráðu eða diplómu, í samræmi við ákvæði í 53. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og 8. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Háskólar skulu reglulega gera grein fyrir því opinberlega hvernig tryggt er að það nám, sem þeir bjóða, uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr. laga um háskóla. Við undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða skal háskóli birta upplýsingar um hvernig námið uppfyllir þau skilyrði og kröfur sem fram koma í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

Þessar verklagsreglur gilda um allt nám sem stofnað er til við Háskóla Íslands, sem og um hlutverk, ábyrgð og samráð þeirra aðila sem að undirbúningi námsleiða koma.

Verklagsreglur þessar eru hluti af gæðakerfi Háskólans.

## 2. Viðmið og skilgreiningar.


Háskóli Íslands hefur viðurkenningu menntamálaráðuneytis (2007-2009) til að bjóða nám til bakkalár-, meistara- og doktorsprófs á tilteknum fræðasviðum (e. *field of science*). Skilgreining fræðasviða og undirflokka þeirra (e. *sub-categories*) tekur mið af skilgreiningunni í *Frascati Manual OECD* og gildir það einnig um verklagsreglur þessar. [sjá gr. 6].

Fræðasviðin eru þessi: Félagsvísindi (e. *Social Sciences*), heilbrigðisvísindi (e. *Health Sciences*), hugvísindi (e. *Humanities*), verk- og tæknivísindi (e. *Engineering and Technology*) og náttúruvísindi (e. *Natural Sciences*), auk búvísinda (e. *Agricultural Sciences*) sem ekki er lögð stund á við Háskóla Íslands. Hverju fræðasviði er skipað í undirflokka, sem eru þær kennslugreinar/námsgreinar sem heyra undir fræðasviðið. Ekki er að öllu leyti bein samsvörun á milli skipulagseininga Háskóla Íslands, þ.e. fræðasviða og deilda annars vegar og flokkunar fræðasviða og undirflokka þeirra skv. Frascati-handbókinni hins vegar. Þannig eru menntavísindi (e. *Educational Sciences*) og sálfræði skv. Frascati-handbókinni undirflokkur félagsvísinda, en tilheyra öðrum skipulagseiningum innan Háskólans. Sá munur hefur hins vegar ekki nein áhrif á hvernig námsleiðir eru skilgreindar.

Á grundvelli framangreindra viðmiða og hugtakanotkunar í reglum Háskóla Íslands nr. 569/2009 er merking hugtaka í þessum verklagsreglum sem hér segir:

*Kennslugrein/námsgrein* er undirflokkur (e. *sub-category*) fræðasviðs, t.d. stærðfræði, efnafræði, rafmagnsverkfræði, læknisfræði, viðskiptafræði, lögfræði, náms- og kennslufræði, stjórn málafræði, sagnfræði, heimspeki, tungumál og bókmenntafræði. Með öðrum orðum er kennslugrein stofn eða samnefnari námsleiðar til prófgráðu.

*Námsleið* (e. *programme*) er skilgreint safn námsleiða og verkefna/ritgerða/starfsþjálfunar í kennslugrein/námsgrein sem mynda faglega rökrétta

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p><b>VERKLAGSREGLUR</b></p> <p><b>um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða</b></p>	<p>Bls.: 2 af 6</p> <p>Ábm. ÞK/SK/IH Samp. í háskólaráði 4. mars 2010 Málsnúmer: HÍ10020375</p>
--	--	---

samfellu og lýkur með tiltekinni prófgráðu (e. *university degree*) eða sjálfstæðu fullnaðarprófi (diplóma).

*Kjörsvið* er tiltekin sérhæfing innan námsleiðar. Um kjörsvið eru einnig notuð orðin *áherslusvið* (í reglum Háskóla Íslands) og *áherslulína*.

*Prófgráða* (e. *degree*) er veitt þegar nemandi hefur með viðeigandi árangri lokið öllum tilskildum námskeiðum og verkefnum sem krafist er til prófgráðunnar.

*Diplóma* er sérstakt prófskírteini sem veitt er fyrir sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu styttra námi en sem nemur námi til prófgráðu á viðkomandi námsstigi. Á grunnstigi er miðað við eigi skemmra nám en sem nemur 90 einingum og á framhaldsstigi er lágmarksviðmiðið 30 einingar.

*Hæfniviðmið* (e. *learning outcomes*) er lýsing á því sem ætlast er til að nemandi viti, skilji og/eða geti að loknu námi.


*Skírteinisviðauki* (e. *Diploma Supplement*) fylgir með prófskírteini og lýsir á stöðluðu formi eðli, námsstigi, samhengi, innihaldi og stöðu þess náms sem viðkomandi einstaklingur lauk með fullnægjandi hætti.

*Viðmið um æðri menntun og prófgráður* (e. *National Qualification Framework*) er kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms til prófgráðu þar sem lögð er áhersla á að lýsa þekkingu, hæfni og getu nemenda við námslok. Viðmiðin eru gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og mynda ramma fyrir lýsingu einstakra háskóla á hæfniviðmiðum.

### 3. Námsleiðir og kjörsvið.

Námi í kennslugreinum við Háskóla Íslands er skipað í námsleiðir í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út. Hverri námsleið lýkur með prófgráðu eða diplómu og eru prófgráður við Háskóla Íslands taldar upp í 55. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Prófgráða er veitt í kennslugrein deildar eða þverfræðilegri kennslugrein, sem tvær eða fleiri deildir standa að í sameiningu. Kennslugreinar deilda og prófgráður sem veittar eru í þeim skulu taldar upp í köflum deilda í sameiginlegum reglum Háskólans. Þar skal einnig gerð grein fyrir diplómanámi. Kennslugreinar skulu falla innan þess ramma sem viðurkenning mennta- og menningarmálaráðherra á fræðasviðum Háskóla Íslands tekur til, sbr. lög um háskóla nr. 63/2006 og reglur um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006.

Fullt nám telst 60 einingar (ECTS) á námsári. Að baki einstakrar námsleiðar til prófgráðu getur verið mismunandi langt nám, allt frá einu og hálfu ári (90 einingum) upp í sex ár (360 einingar). Námsleiðir í bakkalárnámi (stig 1.2 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður) eru venjulega 180 einingar (þrjú ár), en 240 einingar (fjögur ár) í einstökum tilvikum. Háskóladeild getur skilgreint mismunandi áherslusvið innan námsleiðar, m.a. þannig að í grunnnámi sé ákveðið að námsleið feli í sér aðalgrein og aukagrein. Þriggja ára námsleiðir í bakkalárnámi geta þá verið samsettar úr aðalgrein (120 einingar) og

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;"><b>VERKLAGSREGLUR</b></p> <p style="text-align: center;"><b>um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða</b></p>	<p>Bls.: 3 af 6</p> <p>Ábm. ÞK/SK/IH Samb. í háskólaráði 4. mars 2010 Málsnúmer: HÍ10020375</p>
--	--	---

aukagrein (60 einingar). Er prófgráða þá veitt í aðalgrein nema um sé að ræða tvær aðalgreinar, en þá er prófgráða veitt í báðum aðalgreinum.

Diplómanám (stig 1.1 eða stig 2.1 skv. viðmiðum) getur verið styttra en 60 einingar, þó eigi styttra en 30 einingar, og lýkur ekki með formlegri prófgráðu. Diplómanám fæst þó oft metið, með ákveðnum skilyrðum, sem hluti af námi til prófgráðu. Ef um þetta er að ræða skal kveðið á um það í reglum deilda.

Námsleiðir geta haft ólík *kjörsvið* eða áherslulínur. Kjörsvið felur í sér sérhæfingu innan námsleiðar. Sérhæfingin getur falist í mismunandi samsetningu námskeiða og/eða áherslum við val á lokaverkefni. Ef um er að ræða fleiri en eitt kjörsvið innan sömu námsleiðar skulu þau eiga sér samnefnara í sameiginlegum kjarnanámskeiðum. Þegar fleiri en ein deild koma að þverfræðilegri námsleið skulu deildirnar þjóna hlutverki kjörsviða á námsleiðinni, sbr. 62. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, nema reglur um þverfræðilega námið kveði á um aðra skipan. Með öðrum orðum skal ekki undir neinum kringumstæðum stofna sjálfstæða útgáfu þverfræðilegrar námsleiðar í nafni hversrar deildar fyrir sig sem að henni kemur.

Þegar námsleiðir eru skipulagðar skal muna minnst helmingi námskeiða og einingarþærra verkefna í námskeiðshluta til að grundvöllur sé fyrir sérstakri nýrri námsleið. Ef t.d. um er að ræða 180 eininga nám til bakkalárprófs skulu þannig minnst 90 einingar greina nýja námsleið frá annari í sömu kennslugrein. Felist sérhæfing námsins í minni mun en sem nemur 90 einingum skal skipuleggja það sem kjörsvið (áherslulínu) innan námsleiðar sem fyrir er. Sambærileg skil, þegar um er að ræða 90 eða 120 eininga nám á meistarastigi, skulu vera 30-45 einingar í námskeiðshluta.


Kjörsvið (þar á meðal aðalgrein og aukagrein) skal koma fram á prófskírteini með nánari lýsingu í skírteinisviðauka.

#### 4. Ný námsleið: Undirbúningur, skipulagning og stofnun.

##### 4.1 Undirbúningur á vettvangi deilda og fræðasviða.

Háskóladeildir eru faglegar grunneiningar Háskólans og þar er námsframboð í einstökum greinum skipulagt. Námsframboð hverju sinni er ákvarðað af deildarfundum hversrar deildar, deildarráði, námsbraut eða námsstjórn, eftir því sem við á, sbr. 12. - 21. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Nýtt nám skal undirbúið á vettvangi deildar og rökstudd tillaga um nýja námsleið send stjórn viðkomandi fræðasviðs til umfjöllunar. Ef um er að ræða kjörsvið innan námsleiðar sem fyrir er, sbr. skilyrði 3. gr., þá ákveður stjórn fræðasviðs hvort hið nýja kjörsvið verður í boði.

Samkvæmt 12. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 skal stjórn fræðasviðs fjalla um tillögur deilda um nýjar námsleiðir. Ef tillaga um nýja námsleið er samþykkt í stjórn fræðasviðs skal stjórnin, f.h. viðkomandi deildar, gera rökstudda tillögu til háskólaráðs um námið og viðeigandi breytingar á reglum, að því gefnu að námsleiðin falli ekki með

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p><b>VERKLAGSREGLUR</b></p> <p><b>um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða</b></p>	<p>Bls.: 4 af 6</p> <p>Ábm. ÞK/SK/IH Samb. í háskólaráði 4. mars 2010 Málsnúmer: HÍ10020375</p>
--	--	---

ótvíráðum hætti undir námsleiðir til prófgráðu í þeim kennslugreinum sem taldar eru upp í kafla deildarinnar í reglum háskólans.

Áður en stjórn fræðasviðs sendir erindi um nýja námsleið á meistara- eða doktorsstigi til háskólaráðs ber að leita umsagnar og staðfestingar Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. grein 4.3.

#### 4.2 Upplýsingar um námsleið, forsendur og rökstuðningur.

Skilgreina þarf nýja námsleið til hlítar og koma á framfæri upplýsingum um hvernig námið uppfyllir þau skilyrði og kröfur sem fram koma í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, sbr. 8. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Gera skal formlega grein fyrir faglegum og fjárhagslegum forsendum námsins. Upplýsingarnar skulu fylgja tillögu stjórnar fræðasviðs til háskólaráðs ásamt umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms þegar það á við.

Í upplýsingum um uppbyggingu námsleiðar þarf eftirfarandi að koma fram:

- Heiti námsleiðar, námsstig og prófgráða, einingafjöldi, skilgreind lengd og tilhögun náms, tungumál sem kennsla/próf fara fram á, aðgangskröfur, meginmarkmið og viðfangsefni, námskröfur, hæfniviðmið og samstarfsaðilar innan og utan Háskólans. Eftir því sem við á skulu enn fremur koma fram upplýsingar um hliðstæðar námsleiðir við erlenda háskóla og um aðgang að frekara námi og starfsréttindi;
- námsleið sem í boði verða, bæði skyldu- og valnámsleið;
- umsjónaraðilar námsins, fyrirhugað kennaralið, aðgengi að aðstöðu, tækjum og búnaði o.þ.h. ef við á;
- markhópur, áætlaður nemendafjöldi og þörf fyrir námið.

Gera skal rækilega grein fyrir markmiði námsins og hæfniviðmiðum, samhengi þess og tengslum við annað nám og þeirri þörf sem því er ætlað að mæta. Færa ber fagleg rök fyrir því að stofna eigi til sjálfstæðrar námsleiðar, sbr. viðmið sem tilgreind eru í 3. gr.


Gera skal grein fyrir kostnaði sem ætla má að hljótist af nýja náminu og hvort og með hvaða hætti það rúmast innan fjárheimilda.

Í upplýsingum um kostnað þarf eftirfarandi að koma fram:

- Kostnaður við ný námsleið;
- kennaralið, aðstaða, sérstök tæki og búnaður;
- kostnaður vegna þjónustu fræðasviðs.

#### 4.3 Miðstöð framhaldsnáms. Umsögn og staðfesting.

Samkvæmt 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 hefur Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands umsýja með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskólann. Þar er jafnframt kveðið á um að Miðstöð framhaldsnáms skuli staðfesta tillögur deilda um nýjar námsleiðir í framhaldsnámi. Þegar stofnað er til nýrrar námsleiðar í framhaldsnámi (náms á 2. eða 3. háskólaprepi skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður) skal m.ö.o. leita umsagnar og staðfestingar

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;"><b>VERKLAGSREGLUR</b></p> <p style="text-align: center;"><b>um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða</b></p>	<p>Bls.: 5 af 6</p> <p>Ábm. ÞK/SK/IH Samb. í háskólaráði 4. mars 2010 Málsnúmer: HÍ10020375</p>
--	--	---

Miðstöðvar framhaldsnáms, áður en málið er lagt fyrir háskólaráð. Að öllu jöfnu skal Miðstöð framhaldsnáms fjalla um málið innan fjögurra vikna frá því það barst.

#### 4.4 Tímarammi undirbúnings og afgreiðslu.

Vegna undirbúnings kennsluskrár og fjárhagsáætlunar komandi háskólaárs skulu frágengnar tillögur að nýjum námsleiðum ásamt staðfestingu Miðstöðvar framhaldsnáms hafa borist skrifstofu kennslusviðs fyrir 30. október ár hvert.

Kennslusvið leggur málið fyrir háskólaráð. Að öllu jöfnu skal háskólaráð hafa tekið afstöðu til erindisins fyrir lok desember sama ár. Kennslusvið ásamt lögfræðingi Háskóla Íslands annast frágang reglubreytinga til birtingar í Stjórnartíðindum og uppfærslu reglna á vef Háskólans.

Að fengnu samþykki háskólaráðs annast kennsluskrárfulltrúi deildar eða þverfræðilegs náms stofnun námsleiðarinnar í nemendakerfi Uglu, sbr. gr. 4.5, í samráði við ritstjóra kennsluskrár Háskóla Íslands.

#### 4.5 Stofnun námsleiðar í nemendakerfi Uglu.


Þegar formleg heimild fyrir nýrri námsleið liggur fyrir skal kennsluskrárfulltrúi deildar eða þverfræðilegs náms stofna námsleiðina í nemendakerfi Uglu á til þess ætluðu innsláttarformi. Skal þá m.a. tilgreina deild, lengd námsins í einingum, skipulagseiningu og verkefnisnúmer, heiti námsleiðar, prófgráðu og hæfniviðmið, auk annarra atriða sem koma fram í kennsluskrá og skírteinisviðauka og talin eru upp undir staflið a í gr. 4.2. Upplýsingar þessar skal tilgreina bæði á íslensku og ensku. Áriðandi er að vandað sé til verka og að texti sé yfirfarinn og samþykktur af kunnáttufólki.

Þegar upplýsingar um nýja námsleið eru vistaðar berst tilkynning um það til ákveðinna starfsmanna kennslusviðs, sem hafa það hlutverk að fara yfir nýjar námsleiðir og samþykkja þær þannig að hægt sé að skrá nemendur í viðkomandi nám.

Þegar námsleið hefur verið samþykkt setur kennsluskrárfulltrúi deildar upp námskeið eða „skref“ námsleiðarinnar og gerir nánari grein fyrir henni á viðeigandi stað í kennsluskrá.

### 5. Endurskoðun.

Fjórum árum eftir að námsleið hefur verið sett á stofn, hvort heldur er á grunn- eða framhaldsstigi, skal forseti viðkomandi deildar senda stjórn fræðasviðsins og gæðanefnd og kennslumálanefnd háskólaráðs skriflega greinargerð um hvernig til hefur tekist með námsleiðina. Í greinargerðinni komi fram hvernig aðsókn og nemendafjöldi hefur þróast, hvaða breytingar hafa orðið á náminu ef við á, upplýsingar um námsárangur, námsmat, námsframvindu, þ.m.t. upplýsingar um brottfall og fjölda brautskráðra nemenda, fjárhagslega afkomu námsleiðarinnar og önnur atriði sem deildarforseti telur máli skipta. Gæðanefnd og kennslumálanefnd háskólaráðs fara yfir greinargerðina og veita umsögn um hana.

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p><b>VERKLAGSREGLUR</b></p> <p><b>um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða</b></p>	<p>Bls.: 6 af 6</p> <p>Ábm. ÞK/SK/IH Samb. í háskólaráði 4. mars 2010 Málsnúmer: HÍ10020375</p>
--	--	---

## 6. Lög, reglur og viðmið.

Frascati handbókin (*Frascati Manual 2002*): [http://www.oecd-ilibrary.org/science-and-technology/frascati-manual-2002\\_9789264199040-en](http://www.oecd-ilibrary.org/science-and-technology/frascati-manual-2002_9789264199040-en)

Endurskoðuð skilgreining Frascati handbókar á fræðasviðum og kennslugreinum (undirflokkum) (*Revised Field of Science and Technology (FOS) Classification*): <http://www.oecd.org/science/inno/38235147.pdf>

Lög um háskóla, nr. 63/2006: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006063.html>

Reglur um viðurkenningu háskóla á grundvelli 3. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla, nr. 1067/2006:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=1e376204-ca17-40c8-892e-f8baba1177c6>

Viðmið um æðri menntun og prófgráður, nr. 530/2011:

<http://www.stjornartidindi.is/DocumentActions.aspx?ActionType=Open&documentID=afd35930-4c5a-4de4-bd7e-2134da404446>

Lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008085.html>

Reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, nr. 321/2009:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=0291e0b1-b673-46d3-b037-f22772902b22>

Reglur fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_fyrir_haskola_islands)